



Borgarráð

Reykjavík 20. nóv 2024
MSS24100046

Umsögn um tillögu að friðlýsingu Hólavallagarðs á grundvelli menningarminjalaga.

Vísað er í bréf Minjastofnunnar 25. sept. 2024 til Reykjavíkurborgar varðandi tillögu um að friðlýsa Hólavallagarð á grundvelli menningarminjalaga.

Í tillögunni er lagt til að friðlýsingin taki til Hólavallagarðs í heild; heildarskipulag hans, veggjar umhverfis garðinn, klukknaports, minningarmarka og ásýndar hans. Tekið er fram að ekki sé gert ráð fyrir 100 metra friðhelguðu svæði utan framangreindra friðlýsingarmarka eins og heimilt er samkvæmt 22. gr. minjalaga.

Umsögn:

Deiliskipulag Suðurgötukirkjugarðs (Hólavallagarðs) var samþykkt 21.01.2003.

Í deiliskipulaginu fékk garðurinn hverfisvernd með vísan í skipulagsreglugerð þar sem meginmarkmið var að „varðveita einstakt menningarsögulegt yfirbragð garðsins vegna minningamarka og ræktunarsögu“.

Í deiliskipulaginu var kveðið á um varðveislu og viðhald kirkjugarðsveggjarins og varðveislu á minningarmörkum. Þá var gert ráð fyrir varðveislu á gróðurfari garðsins sem stærsta samfellda trjálundar í Vesturbænum og unnið að endurnýjun gróðurs til að viðhalda laufþekju og tegundasamsetningu.

Eðlilegt væri í friðlýsingartexta að vísa til deiliskipulagsins og jafnvel taka upp ýmis ákvæði úr deiliskipulagi eins og við á.

Tekið er undir sjónarmið um mikilvægi garðsins sem menningarsögulegra minja enda nýtur hann hverfisverndar samkvæmt gildandi deiliskipulagi. Þá hefur borgin fjármagnað lagfæringar kirkjugarðsveggisins og tryggt að umhverfi garðsins sé til sóma.

Hólavallagarður er með merkustu kirkjugörðum landsins og í honum endurspeglast hluti af sögu og þróun Reykjavíkur. Hann er vel varðveittur og telst eitt af helstu kennileitum borgarinnar. Garðurinn er fjölsóttur áfangastaður og hefur þar af leiðandi mikið gildi sem sögulegur staður innan borgarinnar. Það er mat undirritaðra að með friðlýsingu fengi Hólavallagarður skýrari stöðu sem merkilegur minjastaður sem leitt gæti til að umgjörðin um viðhald hans og umgengni verði enn betri.

Niðurstaða:

Lagt er til að Reykjavíkurborg samþykki fyrir sitt leyti að Hólavallagarður verði friðlýstur á grundvelli menningarminjalaga.

F. h. Borgarsögusafns og umhverfis- og skipulagssviðs

Guðbrandur Benediktsson
safnstjóri Borgarsögusafns

Þórólfur Jónsson
deildarstjóri náttúru og garða



Reykjavík